

Vinnufundur Leiðsagnar

18. apríl 2023 kl. 14:30

Boðaður fundur aðalmanna og varamanna í stjórn.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Valva Árnadóttir gjaldkeri, Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi.

Á fjarfundi: Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) 2. varamaður

1.	Fundur settur	Fundargerð frá 28.3.2023 var búið að samþykkja í tölvupóstum.	U	Friðrik
2.	Lagabreytingar-tillögur stjórnar	<p>Stjórn leggur til 6 lagabreytingar á komandi aðalfundi. SSS fer yfir þær og gerir grein fyrir ástæðum þeirra. Flestar snúa að því að samræma tímasetningar vegna boðunar og kosninga á aðalfundi. Núna eru í lögunum 9 ólíkar tímasetningar en með þessum tillögum yrði þeim fækkað í 3. Einnig eru lagðar til lagabreytingar sem varða boðun varamanna á fundi stjórnar, og er það gert til samræmis við verklagsreglur hjá VR og á sveitarstjórnarstiginu. Ein tillagan snýr að fjölda í trúnaðarráði, en mjög erfiðlega hefur gengið að manna ráðið undanfarin ár og margir sem hafa valist inn, oft sem redding á síðustu stundu á aðalfundum, þeir aðilar hafa svo sjaldan eða aldrei sést á fundum ráðsins. Vegna nýrra reglugerða hjá Sjúkrasjóði og Endurmenntunarsjóði, sem lagðar verða fram á aðalfundinum til samþykktar, þurfti líka að leggja til breytingar á vali í stjórn sjóðanna.</p> <p>Lagabreytingartillögurnar samþykktar af öllum aðalmönnum í stjórn. Varamaður GME talaði þó á móti þeim flestum.</p> <p>Farið yfir þær tillögur sem þegar hafa borist frá félagsmönnum, en frestur rennur út í kvöld. Sumar þeirra varla tækar til umfjöllunar, þar sem ekki er tilgreint hvaða lagagreinar er verið að gera breytingartillögur við, en þær verða allar kynntar á heimasíðunni þrátt fyrir það.</p>	U Á	Snorri
3.	Minnislisti vegna aðalfundar	Farið yfir öll þau atriði sem þurfa að vera tilbúin fyrir aðalfundinn 3. maí. Undirbúningur gengur vel.	U	Stjórn
4.	Önnur mál	<p>a) Farið yfir niðurstöður skoðanakönnunar sem framkvæmd var á netinu fyrir og yfir páska. Niðurstöðurnar kynntar á innri vef á heimasíðunni, en eftir aðalfund væri gott að gera frétt sem send yrði út í tölvupósti og könnunin þar kynnt betur.</p> <p>b) Kjörskrá er tilbúin og hefur verið send til formanns Kjörstjórnar og er til reiðu fyrir rafræna kosningakerfið. Frambjóðendur geta fengið afrit á skrifstofu, þó án síma og netfanga skv. reglum ASÍ, og þurfa að kvitta fyrir móttöku og skila skránni aftur að afloknum tilgefnum fresti.</p> <p>c) Ársreikningar koma í dag, finna þarf fundartíma í</p>	U U	Friðrik Snorri

		vikunni þar sem bókari fer yfir reikningana með stjórn og skoðunarmönnum.	U	
		d) Loksins er komið svar frá MK vegna fræðslufyrirlestaranna og aukagjalds félagsmanna vegna þeirra, en staðið hafði á því eftir umleitan stjórnar um að hentugra væri að greiða fasta upphæð og ekkert aukagjald. Aðgengið að fyrirlestrunum væri svo innifalið í aðildargjaldinu. Samið um 150.000 fyrir hvern fyrirlestur, félagssjóður greiðir. Finna þarf út hversu marga fyrirlestra á ári fjárhagur félagsins leyfir.	U	Friðrik
		e) GME segir frá væntanlegum fundi starfshóps Menntamálastofnunar 24.4 um hæfniskröfur og menntun leiðsögumanna.	U	Guðný

Fundi slitið 16:15

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari
